

VIÐAUKI III

við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018.

Hinn 7. maí 2018 undirrituðu sameiginlegir rekstraraðilar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, þ.e. sveitarfélögin Reykjavík, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær og Garðabær, samkomulag um uppbyggingu á skíðasvæðunum við Bláfjöll og Skálafell. Viðauki, dags. 6. mars 2020, var gerður við greint samkomulag þar sem tilteknar breytingar urðu á áætlunum er varða m.a. tímasetningar og fjármögnun. Eftir að niðurstöður útboða lágu fyrir, svo og vegna áhrifa af Covid-19, varð ljóst að enn þurfti að breyta áætluninni með tilliti til fjármögnunar og tímasetninga. Var því Viðauki II við umrætt samkomulag undirritaður hinn 24. febrúar 2021. Framkvæmdir vegna skíðalyftnanna Gosa og Drottningar ganga nú samkvæmt áætlun og samkvæmt núverandi mati á kostnaði verður framkvæmdakostnaður undir kostnaðaráætlun útboðs. Hins vegar hefur nú farið fram ítarlegra mat á kostum og göllum þess að kaupa og setja upp notaða stólalyftu í Skálafelli og eftir þá greiningu þykir að öllu samanlögðu hagfelldara að ráðast á kaup á nýrri lyftu fremur en notaðri eins og upphaflegt samkomulag gerði ráð fyrir. Samhliða því þarf að koma til aukin innviðauppbýgging við Skálafell. Þá hefur jafnframt verið ákveðið að auka framlög til uppbyggingar á aðstöðu fyrir gönguskiðaiðkendur. Tekur nýr viðauki mið af framangreindu.

Umrætt samkomulag, svo og fyrri viðaukar við það, halda gildi sínu að því marki sem ekki er mælt fyrir um breytingar á þeim hér.

Framangreindir aðilar samþykkja eftirfarandi breytingar á samkomulagi um endurnýjun á uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins,

1. gr.

Tímasetningar framkvæmda

Breytingar á gr. 2. í samkomulagi: „2018-2024“ verður „2018-2026“.

Breytingar á gr. 2.1. í samkomulagi:

Bláfjöll:

Áætluð tímasetning framkvæmda á nýrri stólalyftu „Drottning“ breytist og eru nú fyrirhugaðar á árunum 2022-2023 í stað 2019-2020.

Áætluð tímasetning framkvæmda á nýrri stólalyftu „Gosi“ breytist og eru nú fyrirhugaðar á árunum 2021-2022 í stað 2022-2023.

Áætluð tímasetning framkvæmda vegna notaðrar stólalyftu í Eldborgargili ásamt nauðsynlegri aðstöðusköpun á endastöðvum, og nýrrar toglyftu úr Kerlingardal breytist og eru framkvæmdir nú fyrirhugaðar á árinu 2027 í stað 2023-2024 og 2023. Að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna þeirra framkvæmda uppfærðri framkvæmdaáætlun enda utan þess tímaramma sem hún tekur til. Sveitarfélögin munu uppfæra samkomulag þetta m.a. m.t.t. til þeirra framkvæmda eigi síðar en á árinu 2025.

Skálafell:

Ný stólalyfta ásamt nauðsynlegri aðstöðusköpun á endastöðvum. Áætluð tímasetning framkvæmda verður 2023-2024 í stað 2020-2021.

Grein 1 í viðauka II við samkomulag frá 7. maí 2018, um endurnýjun á uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, dags. 24. febrúar 2021, fellur brott.

2. gr. Framkvæmdakostnaður

Breytingar á 3. gr. í samkomulagi:

Breyting á 1. mgr. 3. gr.: „2018-2024“ verður „2018-2026“.

Fylgiskal 1a með samkomulaginu er felld úr gildi og í stað þess kemur nýtt fylgiskal (fskj. 1b) með uppfærðum framkvæmdarkostnaði og dreifingu kostnaðar.

Áætlaður framkvæmdarkostnaður er nú áætlaður 5.299 m.kr. Um nánari sundurliðun vísast til nýs fylgiskjals 1b með viðauka þessum.

Sveitarfélögin munu í fjárhagsáætlunum og þriggja ára áætlunum gera ráð fyrir kostnaði við framkvæmdir í samræmi við uppfærðar tímasetningar framkvæmda, sbr. 1. gr. viðauka þessa og uppfærðar kostnaðaráætlun sbr. nýtt fylgiskjal (fskj. 1b) með viðauka þessum.

Grein 2 í viðauka II við samkomulag frá 7. maí 2018, um endurnýjun á uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, dags. 24. febrúar 2021, fellur brott

Kópavogi, X.XX 2022

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Kópavogsbæjar

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

f.h. Mosfellsbæjar

f.h. Garðabæjar

f.h. Seltjarnarnesbæjar

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1b: Uppfærð framkvæmdaáætlun 2018- 2026 fyrir skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, dags. 7. mars 2022.

Fylgiskjal 1b með viðauka III

Uppfærð framkvæmdáætlun 2018-2026 fyrir skóðasvæði höfuðborgarsvæðisins, dags. 7. mars 2022.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	Samtals
Undirbúningur framkvæmda	m.kr 10.0	m.kr 9.5	m.kr 9.7	m.kr	m.kr	m.kr	m.kr	m.kr	m.kr	m.kr 29 0 0
Snjóframleiðsla	1. áfangi. Bláfjöll									
	2. áfangi Skálafell									
Skóðalyftur	Bláfjöll									
	Ný drottning									
	Nýr Gosi									
	Eldborgargil									
Skálafell	Kerlingadalur, toglyfta									
	Ný stóla lyfta									
Göngusvæði	Innviða uppbygging									
	SAMTALS									
	10	10	10	653	970	1.321	1.166	690	470	5.299

Greiddsludreifing eftir sveitarfélögum	56% Reykjavík	5.6	5.4	5.5	368.3	547.1	745.1	657.6	389.2	265.1	2.988.8
	16% Kópavogur	1.6	1.5	1.6	105.9	157.4	214.3	189.2	111.9	76.2	859.7
	2% Seltjarnarnes	0.2	0.2	0.2	13.0	19.4	26.4	23.3	13.8	9.4	105.7
	7% Garðabær	0.7	0.7	0.7	48.9	72.6	98.9	87.3	51.7	35.2	396.8
	13% Hafnarfjörður	1.3	1.2	1.2	82.0	121.9	166.0	146.5	86.7	59.1	665.8
	5% Mosfellsbær	0.5	0.5	0.5	34.8	51.7	70.4	62.1	36.8	25.0	282.3